


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/1160*  
*komudagur 22.2.2007*

Reykjavík, 21. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Stjórn þýðingarsjóðs sendir yður hér með umsögn um frumvarp til laga um  
bókmenntasjóð, 513. mál, heildarlög.

Fyrir hönd stjórnar þýðingarsjóðs,



Ásdís R. Magnúsdóttir  
formaður

**Umsögn um frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fleira, 513. mál, heildarlög.**

*Almenn athugasemd við lagafrumvarpið*

Þýðingarsjóður var stofnaður árið 1981 og hefur hann gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku bókmenntalífi. Hann hefur fært Íslendingum heimsbókmenntir á íslenski tungu og stutt útgáfu merkra erlendra fræðirita á Íslandi.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta (bls. 6) má sjá hvernig skiptingu liða í fjárlögum til bókmennta árið 2006 til sjóða á vegum menntamálaráðuneytisins var háttáð.

Þýðingarsjóður er einn þriggja sjóða sem sameina á í bókmenntasjóði. Í ljósi þess er brýnt að í frumvarpinu sé kveðið sterkar að orði um vægi þýðinga í hinum nýja sjóði, sbr.

athugasemdir stjórnar þýðingarsjóðs við þrjár fyrstu greinar frumvarpsins hér fyrir neðan.

Í seinustu málsgrein athugasemda við lagafrumvarpið stendur að styrkir til útgáfumála, þ.e. fjárlagaliður 02-983-1.11, “ættu” einnig að renna í bókmenntasjóð. Orðalagið er óljóst og skilja má að ekki sé endanlega búið að ákveða hvort þessir styrkir renni óskiptir í sjóðinn. Fjárlagaliður 02-983-1.11 á með réttu að renna í bókmenntasjóð, enda er ráðstöfunarfé sjóðsins af skornum skammti og mætti vera mun meira miðað við markmið hans og hlutverk.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Nauðsynlegt er að vægi þýðinga komi betur fram í markmiði laganna. Fyrsta málsgrein 1. gr. mætti því hljóða svo:

Markmið laga þessara er að efla íslenskar bókmenntir, bókaútgáfu **og þýðingar** og búa **þannig** íslenski bókmenningu hagstæð skilyrði.

Um 2. gr.

Vægi þýðinga þarf einnig að koma skýrt fram í skilgreiningu á hlutverki bókmenntasjóðs.

Fyrsta setning 2. gr. mætti því hljóða svo:

Hlutverk bókmenntasjóðs er að efla íslenskar bókmenntir, bókaútgáfu **og þýðingar**.

Um 3. gr.

Til að tryggja að hlutur þýðinga í úthlutun úr bókmenntasjóði sé í samræmi við mikilvægi þeirra í bókmenntalífi þjóðarinnar þarf fulltrúi þýðenda að sitja í stjórn sjóðsins. Önnur setning 3. gr. mætti því hljóða svo:

Rithöfundasamband Íslands tilnefnir tvo fulltrúa, **þar af annan úr hópi þýðenda eða úr Bandalagi þýðenda og túlka**, Félag íslenskra bókaútgefanda tilnefnir einn fulltrúa, Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna tilnefnir einn og einn er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar.